


Menning

Menning

Menning

Menning



• Guðmundur Benediktsson — Skúlpútur, gifs (nr. 1).

13. sinn

Sýning Septem að Kjarvalsstöðum

Þótt aldurinn færst yfir þá Septembarmenn og sumir heltist úr hópnum, láta þeir ekki deigan síga. Nú halda þeir sína þrettánda sýningu að Kjarvalsstöðum. Eitthvað eru þeir samt farnir að þreytast, því næstu sýningu ætla þeir ekki að halda fyrr en að tveimur árum liðnum. Þeir hafa nú fengið einn októbermann, Guðmund myndhöggvara Benediktsson, í lið með sér, sömuleiðis ágætan danskan skreytilistamann, Jens Urup, sem er mörgum Íslendingum að góðu kunnur.

Að öðrum ólöstuðum eru það einmitt þeir Jens og Guðmundur sem halda uppi stemmningunni. A undanförunum árum hefur Guðmundur smátt og smátt verið að breikka áhugasvið sitt, meðan margir jafnaldrar hans hjakka í sama farinu. Hinar þokkafullu bronsmyndir hans þekkja flestir, og nú þegar listamaðurinn má ekki lengur sjóða brons, heilsu sinnar vegna, vinnur hann í gifs.

Askur og Embla

Hingað til hafa flestar myndir hans byggst á samanlæstum, hvelfdum

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

formum, sem hefja sig hvert upp af öðru, uns þau mynda öndvegissúlur eða tótem. Nýjustu verk Guðmundar eru mun einfaldari og byggjast á tveimur samstæðum sivalningum, opnum til endanna, sem gætu verið forneskjuleg minni þeirra Asks og Emblu. Hér er listamaðurinn nálægt uppsprettu hins figúratífa skúlpúrs, á sömu slóðum og Brancusi forðum.

Jens Urup er bráðflinkur skreytilistamaður, eins og gluggar hans og ljósmyndir á sýningunni gefa glögg til kynna. Ljósmyndirnar njóta sín samt ekki reglulega vel, sökum kauðalegrar upphengingar.

Blærinn í laufi

Nýrra takta gætir einnig í verkum þeirra Kristjáns Davíðssonar og Hafsteins Austmann. Í myndum beggja er eins og bein náttúruskynjun ráði ferðinni, en ekki fyrirfram gefin formgerð. Vatnslitamyndir Hafsteins gætu t.d. verið stúdíur af blænum í laufi.

Hin lauslega uppbygging málverka Kristjáns ber ýmis merki impressjónisma, þar sem náttúran er listamanninum sem gluggi, ekki spegill.

Þau Valtýr Pétursson, Guðmunda Andrésdóttir og Jóhannes Jóhannesson halda sínu striki. Nú ætti einhver að nýta sér skreytigáfur þess síðastnefnda og fá hann til að vinna í steint gler.

AI

„Jú, þetta er hluti af nýja málverkinu, en eru ekki allir orðnir leiðir á því? Þetta er einhvers konar barokkstíll,” sagði Daði Guðbjörnsson sem í lag opnar sýningu í Gallerí Borg.

Verk Daða eru óneitanlega sérstæð. Sagt hefur verið að í list hans rekist saman ólíkustu gildi evrópskrar myndlistar í nútíð og fortíð. Þegar tíðindamenn DV bar að garði var hann að leggja síðustu hönd á mynd af klukku sem unnendur góðs súkkulaðis þekkja af umbúðum After eight.

Daði dregur enga dul á samspil gamals og nýs í verkunum. „Nýja málverkið er að nokkru leyti afturhvarf til gamallar tækni. Myndefnið er gjarnan sótt til hversdagslegra hluta,” segir Daði og leggur nú frá sér pensilinn.

„Verkið verður þannig til að fyrst fæðist hugmynd að mótfí,” segir Daði. „Síðan tekur við löngunin til að búa til úr því stafi eitthvað allt annað. Það má alveg eins líta á verkin sem afstrakt, mín vegna. Eg vil hins vegar ekki búa til eitthvað fyrir listfræðinga eina til að ráða í og skýra. Fólk verður að skynja myndirnar sjálf.”

A það hefur verið bent að í verkum þínum beri mikið á áhrifum frá tónlist.

Eins konar barokk

— setur svip sinn á myndir Daða Guðbjörnssonar sem nú sýnir í Gallerí Borg

Hvað viltu segja um það?

„Það er mikið af tónlist í kringum mig. Auðvitað hef ég orðið fyrir áhrifum frá því. Eg verð líka fyrir áhrifum frá hlutum sem tengjast tónlist, t.d. gömlum hljóðfærum. Þetta er rétt eins og menningin í kringum okkur. Hún samanstendur af mörgum hlutum. Það hafa á síðari árum komið svo margar stefnur og gengið svo hratt yfir. Eg vona að það fargan sé búið og þetta tvístrist þannig að engin stefna verði ráðandi. Það á hver að leitast við að rækta garðinn sinn,” segir Daði.

Ög hvar hefur þú ræktað garðinn þinn?

„Eg ferðast mikið og skoða. Eg var bara eitt ár í skóla hér heima, í nýlista-deild Myndlista- og handiðaskólans. Þar var ekki kennd nein málaratækni. Þess í stað var lögð áhersla á myndbyggingu og myndefni. Tæknin sem ég beiti er fengin með því að skoða verk gömlu meistaranna.

Það er slæmt að ekki skuli vera til meira úrval hér af erlendum verkum. Annars eigum við mjög góða málara hér, t.d. Kjarval sem var eins og alfræðiorðabók í hvernig á að teikna.


Eftir námið hér fór ég til Hollands að læra grafík. Nú kenni ég grafík hér við Myndlista- og handiðaskólann. Það hefur verið óhemjuvinsælt að nema myndlist í Hollandi. Það ætti þó ekki endilega að vera. Þar ríkir mikill menningarsósíalismi sem fer í taugarnar á mér. Ríkið kaupir mjög mikið af verkum. Innkaupastjórnir verða að spá í persónulegar aðstæður listamannanna og halda stundum uppi mönnum sem ekki gætu annars komið sér á framfæri. Þetta var hugsað í upphafi til að koma mönnum yfir erfið ár en er komið út í öfgar.

Hér á landi kaupir almenningur verk myndlistarmanna. Það er ekki algengt erlendis. Sérstaklega er grafikin vin-

sæl enda eru þau verk ódýrari en málverk.”

A sýningu Daða í Gallerí Borg er 21 verk, þar af 8 olíumálverk en hin eru grafíkmyndir. Sýningin hefst í dag kl. 14. og stendur til 16. september.

GK



• Daði Guðbjörnsson að ljúka undirbúningi fyrir sýninguna í Gallerí Borg. DV-mynd PK.

VIKAN

Á BLAÐSÖLUSTÖÐUM

Upphaf
sjónvarpsins
Skemmtilegar myndir
sem sýna
að ýmislegt
hefur breyst

Get bæði
unnið
undir
pressu og
mjög mikið
Viðtal við
Sigrúnu
Stefánsdóttur



Lífsreynsla:
Grímur lætur
rigna
hjá Gaddafi
Grímur Jónsson á
Ísafirði vann
eitt sinn við
að búa til
rigningu
í Libýu

Golf:
Dægradvöl
almúgamanna
sem auðkýfinga
Kynning á íþróttinni